

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2018, föstudaginn 5. janúar, var haldinn 279. fundur stjórnar Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður (sat fundinn frá og með dagskrárlið 2), Gunnar Valur Gíslason, Sverrir Óskarsson, Guðlaug Kristjánsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir og Bryndís Haraldsdóttir. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Lífeyrissjóðsuppgjör við Brú lífeyrissjóð
2. Starfsáætlun stjórnar Strætó 2018
3. Árangursmat stjórnar 2017
4. Vagnastaða hjá Strætó
5. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Lífeyrissjóðsuppgjör við Brú lífeyrissjóð

Fyrir liggur uppgjör lífeyrissjóðsins Brúar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. maí 2017 vegna breytinga á A deild lífeyrissjóðsins. Samkvæmt gögnum frá sjóðnum skulu launagreiðendur greiða eftirfarandi framlög til sjóðsins til uppgjors:

- i) 9.958.717.284 kr. í jafnvægisjóð sem ráðstafað skal til að koma áfallinni stöðu A-deildar Brúar í jafnvægi miðað við þann 31. maí 2017.
- ii) 27.260.749.984 kr. í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingum vegna lífeyrisauka þeirra sjóðfélaga sem eiga rétt á honum.
- iii) 3.015.817.522 kr. í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð.

Jafnvægisjóðnum er skipt hlutfallslega á launagreiðendur eftir iðgjaldaskilum þeirra frá stofnun sjóðsins til 31. maí 2017. Lífeyrisaukasjóðnum og varúðarsjóðnum er skipt hlutfallslega á launagreiðendur eftir iðgjaldaskilum þeirra fyrir tímabilið 1. janúar 2017 til 31. maí 2017. Rökin fyrir þessari skiptingu eru að hefði ekki komið til lagabreytinga í desember 2016 hefði mótframlag launagreiðenda í A deild verið hækkað í allt að 21% til að koma tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í jafnvægi. Því hefðu launagreiðendur sem borguðu iðgjald til sjóðsins á árinu 2017 borið hækkunina alfarið.

Fyrir fundinum lá uppgjör frá Brú lífeyrissjóði vegna framlags Strætó, samtals um 869,7 m.kr., en til viðbótar vantar inn í uppgjorið um 166,2 m.kr. framlag í jafnvægisjóð vegna launagreiðslu Strætó frá stofnun byggðasamlagsins fram til 1. janúar 2015. Sú vöntun kemur til vegna skekkju í uppgjörinu vegna tímabilsins sem Reykjavíkurborg sá um launagreiðslur fyrir Strætó. Heildarframlag Strætó er því um 1.035,9 m.kr. Gjaldddagi framlagsins er 31. janúar 2018.

Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra í samráði við stjórnarformann að óska eftir skriflegum útskýringum frá Brú lífeyrissjóði á því hvers vegna fyrirbyggjandi uppgjör er svo mjög frábrugðið þeirri áætlun sem Brú lífeyrissjóður hafði áður lagt fram varðandi framlag Strætó í sjóðinn, en sú áætlun hljóðaði upp á um 231 m.kr.

Jafnframt óskar stjórn eftir að framkvæmdastjóri leiti til endurskoðunarnefndar Strætó um ráðgjöf varðandi yfirferð og staðfestingu útreikninga lífeyrissjóðsins Brúar á uppgjori Strætó bs. við lífeyrissjóðinn vegna breytinga á A deild sjóðsins.

2. Starfsáætlun stjórnar Strætó 2018

Fyrir fundinum lágu drög að starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2018.

Starfsáætlunin verður lögð fram til afgreiðslu á næsta fundi stjórnar.

3. Árangursmat stjórnar 2017

Í starfsreglum stjórnar Strætó er kveðið á um að stjórn skuli árlega meta störf sín, verklag og starfshætti svo og frammistöðu framkvæmdastjóra og annarra daglegra stjórnenda. Árlegu árangursmati er ætlað að bæta vinnubrögð og auka skilvirkni stjórnar.

Gert er ráð fyrir að árangursmat stjórnar fyrir árið 2017 verði framkvæmt nú í janúar og að niðurstöður þess verði lagðar fram á fundi stjórnar í febrúar.

4. Vagnastaða hjá Strætó

Ingvar Hjaltalín Jóhannesson, sviðsstjóri rekstrarsviðs, kom á fundinn og fór yfir stöðuna á vagnaflota Strætó, aldur vagna og ástand þeirra, meðal annars m.t.t. fjölda ekinna kílómetra, eldsneytisnotkunar og viðhaldskostnaðar.

5. Önnur mál

- a) Bókun frá fundi hverfisráðs Grafarvogs þann 19. desember 2017 varðandi breytingar á leið 6 var lögð fram.
- b) Umræður um leiðakerfisbreytingar í Kópavogi sem taka gildi 7. janúar 2018.
- c) Umræður um hækkingu olíugjalds sem kemur fram í fjárlögum ríkisins 2018.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið: kl. 13:00

Heiða Björg Hilmiðsdóttir
Guðlaug Kristjánsdóttir
Gunnar Valur Gíslason

Sverrir Óskarsson
Bryndís Haraldsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir

Fylgiskjöl:

- Vagnastaða hjá Strætó, dags. 05.01.2018. Ingvar Hjaltalín Jóhannesson, sviðsstjóri rekstrarsviðs, tók saman.
- Bókun frá fundi hverfisráðs Grafarvogs þann 19. desember 2017.